

Skólaráð

24.febrúar 2016 klukkan 16:15

Mætt eru : Bryndís, Stefán, Svanhildur, Eva Björk, Saga, Marcelina, Lovísa, Hrafnhildur og Júlía ritari.

Dagskrá fundarins er eftirfarandi :

1. Skóladagatal 2016-2017
2. Samræmd próf á næsta skólaári
3. Námsmat hjá 10. bekk vorið 2016
4. Árshátíð Myllubakkaskóla
5. Önnur mál

1. Skóladagatal

Bryndís lagði fyrir ráðið skóladagatal næsta skólaárs. Farið var sérstaklega yfir breytingar á samræmdum prófum, samskiptadaga, skerta daga og vetrarfrí. Engar breytingar lagðar til og skólaráð samþykkti dagatalið með undirskriftum.

2. Samræmd próf

Bryndís kynnti fyrir ráðinu breytingar á samræmdum prófum. Prófin verða rafræn og rædd voru vandamál sem upp gætu komið.

3. Námsmat hjá 10.bekk vorið 2016

Eva fór yfir breytingar sem gerðar hafa verið á námsmati og sagði frá því hvernig skólinn hygðist takast á við þær skref fyrir skref. Einnig var farið yfir kröfur Fjölbautaskólans og hvernig nemendur raðast á stig eftir námsárangri úr grunnskóla að vori.

4. Árshátíð skólans

Bryndís fór yfir ástæður þess að árshátíð nemenda færist frá 11.mars yfir á 15.mars. Fræðslustjóri hefur samþykkt þessa tilfærslu og skólaráð samþykkti.

5. Önnur mál

Bryndís fór yfir það sem hefur verið á dagskrá skólans undan farið eins og listaviku, öskudag og sameiginlegan PBS dag hjá starfsmönnun þeirra skóla sem eru í PBS í Reykjanesbæ. Einnig fór Bryndís yfir það sem er framundan í skólastarfinu, Stóru upplestrarkeppnina hjá 7. bekk, Skólahreysti og forskólatónleika hjá nemendum í 2. bekk. Þemadagar eru á næstunni og hátíðarkvöldverður hjá 10. bekk.

Annað var ekki rætt og fundi slitið.

Fundargerð ritaði Júlía Jörgensen